

Flokkunarleiðbeiningar

Höfum þetta á hreinu

Mikilvægt er að skola matarleifar af umbúðum svo þær verði hæfar til endurvinnslu. Þetta á jafnt við um pappír-, plast- og málmumbúðir. Óhreinar umbúðir eiga heima með blönduðum úrgangi – skolum og endurvinnnum.

Pappír og pappi - Endurvinnslutunnan

- Bylgjupappi: pappi sem hefur bylgjaðar brúnir t.d. pappakassar og pizzukassar.
- Sléttur pappi: fernur, morgunkornspakkar, hólkar innan úr pappírsrúllum.
- Pappír, umslög, dagblöð og tímarit.

Ath. servíettur og eldhúspappír má setja með matarleifum.

Einnig er hægt að skila pappi og pappír á flokkunarbarinn við söfnunarstöðina utan opnunartíma.



Plastumbúðir - Endurvinnslutunnan

- Allar plastumbúðir, harðar eða mjúkar, eins og skyrdollur, plastpokar, áleggsbréf, snakkpokar og plastflöskur.
- Einnig er hægt að skila plastumbúðum á flokkunarbarinn við söfnunarstöðina utan opnunartíma.
- **Ath.** Lyfjaspjöldum og lyfjum má skila til Lyfju.



Matarleifar – Tunna undir matarleifar

- Allir matarafgangar og annað lífrænt eins og t.d. hýði af ávöxtum og grænmeti, brauð, kaffikorgur, eggjaskurn, servíettur og eldhúspappír.
- Þennan úrgang má setja beint í tunnuna eða í niðurbrjótanlegum pokum, t.d. úr pappír eða maís, en þannig má minnka óþrifnað.
- **Ath.** ekkert plast eða annað rusl á heima með matarleifum.



Málmumbúðir - Endurvinnslutunnan

- Allar umbúðir úr málmum s.s. dósir, málmlok af krukum, sprittkertakoppar, hreinn álpappír og smærri hlutir úr málm.

Einnig er hægt er að losa sig við málmumbúðir á flokkunarbarinn við söfnunarstöðina utan opnunartíma.



Blandaður úrgangur


- Sá úrgangur sem er óendurvinnanlegur og endar í urðun í Lóni.
- Til dæmis: óhreinar umbúðir sem ekki er hægt að hreinsa, bleyjur, blautklútar, dömubindi, tyggjó, ryksugupokar, dýrasaur, kattasandur, eyrnarpinnar og bómullarhnoðrar.



Gler

- Allar umbúðir úr gleri s.s. krukur (takið málmlok af), flöskur, ilmvatnsglös og annað þess háttar.

Ath. hægt er að losa sig við gler á flokkunarbarinn við söfnunarstöðina utan opnunartíma.



Textíll – Fatasöfnun

- Fötum, textíl og vefnaðarvöru má skila í fatagám Rauða Kross Íslands við N1 á Höfn eða á söfnunarstöðina á opnunartíma.
- Allur textíll verður að vera í lokuðum pokum.



Drykkjarumbúðir með skilagjaldi

- Drykkjarumbúðum með skilagjaldi má skila í flöskumóttökuna til endurvinnslu og fá greitt fyrir.
- Einnig er hægt að gefa slíkar umbúðir til hinna ýmsu félaga, samtaka eða annarra sem þær vilja og styðja þannig góð málefni.

